



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2019

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um alþjónustu á sviði pósthjónustu, mál nr. 300/2019

Tilv. 201912-0008

Drög að reglugerð um alþjónustu á sviði pósthjónustu voru birt í samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 6. desember sl. og var frestur til að skila inn umsögn veittur til 16. desember. Bændasamtök Íslands hafa farið yfir drögin og gera eftirfarandi athugasemdir.

I. Almenn

Í drögum er að finna ákvæði um alþjónustu o.fl. sem ætlað er að koma til fyllingar nýjum lögum um pósthjónustu sem taka gildi 1. janúar 2020. Með þeim lögum er ráðherra veitt víðtæk heimild til að setja reglugerð um nánari útfærslu á hugtakinu alþjónusta, þ.á m. um þjónustusvæði og skilyrði um fækkun dreifingardaga. Við meðferð frumvarps til áðurgreindra laga skiluðu Bændasamtökin umsögn þar sem þau lýstu yfir áhyggjum af því hvort lögin tryggðu alþjónustu í raun á jafnræðisgrundvelli. Bændasamtökin líta á pósthjónustu sem eina af nauðsynlegustu innviðum samfélagsins sem eðlilegt er að landsmenn hafi sambærilegan aðgang að.

II. 8. gr.

Í 8. gr. er kveðið á um heimild til að fækka dreifingardögum niður í allt að einn virkan dag í viku að skilyrðum uppfylltum. Bændasamtökin telja eðlilegt að mögulegt sé að bregðast við og fækka þeim niður í einn dag en gera þó athugasemdir við C-lið þar sem kveðið er á um að það sé heimilt verði kostnaður við útburðinn of hár. Þar sem aðeins eitt skilyrði sem talin eru upp í 8. gr. þarf að vera uppfyllt svo fækka megi dreifingardögum er um að ræða mjög víðtæka heimild til þess. Sem dæmi er hvergi er tiltekið við hvað skal miða þegar komist er að þeirri niðurstöðu að kostnaður sé of hár. Samtökin telja heimildina of víðtæka og benda á að í 3. tl. 2. mgr. 9. gr. áðurgreindra laga um pósthjónustu segir að miða skuli dreifingu innan alþjónustu við tvo daga í viku til einstaklinga sem hafa fasta búsetu. Þar segir einnig í 2. mgr. 10. gr. að skyldan geti fallið niður *tímabundið* við aðstæður sem koma í veg fyrir að pósthjónusta sé veitt




eða gera hana óhaflega kostnaðarsama. Bændasamtökin leggja til að heimild í reglugerð til að fækka dreifingardögum niður í allt að einn virkan dag í viku skuli vera tímabundin og ekki breytt nema í algjörum neyðartilfellum. Það sé í betri samræmi við ofangreind sjónarmið sem og markmið laga um pósthjónustu, sbr. ákvæði um alþjónustu í lögnum.

Á búnaðarþingi 2016 var samþykkt ályktun um pósthjónustu í dreifbýli. Í ályktuninni sagði að þjónusta Íslandspósts væri nauðsynleg fyrir bændur og fyrirtæki á landsbyggðinni. Minnt var á mikilvægi sendinga, svo sem lyfja og varahluta, á þeim svæðum sem langt er í afhendingarstað vörunnar. Þegar breytingar voru gerðar á reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 364/2003 með reglugerð nr. 858/2015 lögðust samtökin gegn ýmsum breytingum sem þar voru gerðar. Þar bentu Bændasamtökin á að ef ætlunin væri að draga úr kostnaði við dreifingu með því að fækka postdreifingardögum væri eðlilegt að líta til landsins alls, ekki bara dreifbýlisins, þannig væri jafnræðis betur gætt.

III. 14. gr.

Í 14. gr. í drögnum er að finna almennar reglur um pósthjónustu. Þar er í 2. mgr. kveðið á um að bréfastassar eða bréfastassamstæður í dreifbýli skuli vera staðsettar þar sem tengivegir og héraðsvegir mætist eða þar sem tengivegir og tengivegir mætist. Heimilt sé að víkja frá því í þeim tilvikum sem minna en 50 metrar eru frá húsi að tengivegi, þá gildi 1. mgr., sem þýðir að í þeim tilvikum skulu bréfastassar eða bréfastassamstæður vera staðsettar við hús eða í húsi.

Bændasamtökin telja það eðlilega og sanngjarna kröfu að íbúar í dreifbýli fái póst afhentan á heimili sitt eins og íbúar þéttbýlis og óska eftir breytingum á reglugerðinni hvað það varðar. Samtökin hafa áður gert athugasemdir við ákvæði í 16. gr. reglugerðar nr. 364/2003 um staðsetningu bréfastassa. Ákvæði sem heimilar að hægt sé að skilja póst eftir í ólæstum og óveðurheldum póstkössum sem í sumum tilvikum sjást ekki frá heimili viðtakanda, er augljóslega ekki í samræmi við markmið laga um pósthjónustu og jafnræðissjónarmið.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrimsdóttir